

Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart þriðja manni á sérhverju tjóni sem rekja má til atvika sem eiga sér stað þar til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið sannanlega tilkynnti um að váttrygging hafi fallið úr gildi, nema önnur fullnægjandi váttrygging hafi verið keypt.

4. gr.

Lögmenn sem annast fasteigna- og skipasölu og ekki hafa hlotið leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938, skulu hafa fengið til þess löggildingu samkvæmt 2. gr. laga nr. 34/1986 fyrir 1. september 1987 hyggist þeir stunda slíka starfsemi eftir þann tíma.

Þeir sem hafa hlotið leyfi til fasteignasölu samkvæmt lögum nr. 47/1938 og stunda fasteignasölu skulu fyrir 1. september 1987 framvísa í dómsmálaráðuneytinu gögnum um að þeir fullnægi tryggingarskyldu samkvæmt reglugerð þessari.

Fasteignasalar skulu jafnframt tilkynna dómsmálaráðuneytinu um hvar starfsstöð þeirra er.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. lög nr. 10/1987, og öðlast gildi 1. júní 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1987.

Jón Helgason.

Jón Thors.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Reykhólahrepps, Geiradalshrepps, Gufudalshrepps, Flateyjarhrepps og Múlahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu.

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 15. maí 1987 staðfest sameiningu allra sveitarfélaganna í Austur-Barðastrandarsýslu þ.e. Reykhólahrepps, Geiradalshrepps, Gufudalshrepps, Flateyjarhrepps og Múlahrepps í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist:

Að sameining þessi skal taka gildi 4. júlí 1987.

Að nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Reykhólahreppur.

Að ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Reykhólahrepps, fari fram 20. júní 1987.

Að fulltrúar í sveitarstjórn hins nýja Reykhólahrepps skulu vera sjö.

Að kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 15. maí 1987.

Alexander Stefánsson.

Húnbogi Þorsteinsson.